

Hagnaður yfir afkomuspá ársins. Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi árið 2025 var 1,5 milljarður króna

- Rekstrartekjur samstæðunnar námu rúmlega 70,1 milljarði ISK (€484.3m) fyrir árið 2025 sem er 9% aukning frá 2024.
- Rekstrartekjur á fjórða ársfjórðungi 2025 námu 19,8 milljörðum ISK: (€136.7m), sem er aukning um 6% frá sama ársfjórðungi 2024.
- Framlegð 2025 var 7,3 milljarðar (€50.7m) hækkar um 799 milljónir ISK milli ára (€5.5m).
- EBITDA fyrir árið 2025 er 3,3 milljarðar ISK (€22.8m), en var 2,6 milljarður ISK (€18.0m) á árinu 2024.
- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi er 1,5 milljarður ISK (€10.6m) samanborinn við 1,1 milljarð ISK (€7.4m) 2024 sem er aukning um 457 milljónir ISK (€3.2m)
- Hagnaður ársins eftir skatta er 1,1 milljarður ISK (€7.4m) samanborinn við 402 milljóna ISK hagnað (€2.8m) 2024.
- Hagnaður á hlut fyrir árið 2025 er 0,33 ISK en 2024 var hagnaður á hlut 0,13 ISK
- Heildareignir námu 41 milljarði ISK (€279.4m), hækkun um 3,7 milljarða ISK (€25.5m) frá ársbyrjun
- Eiginfjárlutfall lækkaði í 29,5% frá 30% í lok árs 2024
- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi 2026 verður samkvæmt afkomuspá 1,7 - 2,0 milljarðar ISK (€11.5m - €13.5m)

Rekstrartekjur starfseminnar í Suður-Evrópu voru 8,7 milljarður ISK (€60.3m) á fjórða ársfjórðungi, sem er 1,2% lækkun miðað við sama tímabil árið 2024. Heildarsala ársins nam 30,8 milljörðum ISK (€212.9m) og var 1% lægri í verðmæti og dróst saman um 2% í magni miðað við fyrra ár. Hagnaður af fyrir skatta nam 1,2 milljarði ISK (€8.2m), sem er aukning um 349 milljónir ISK (€2.4m) frá árinu 2024. Sala Iberica Group lækkaði um 1% í virði og 2% í magni. Ahumados skilaði góðum rekstrarárangri árið 2025, sala jókst um 1% í virði og magn jókst um 4%. Þetta var besta ár fyrirtækisins frá því það var keypt árið 2021 og nam hagnaður fyrir skatta 350 milljónum ISK (€2.4m).

Rekstrartekjur starfseminnar í Norður-Evrópu voru 3 milljarðar ISK (€20.6m) á fjórðungnum, sem er 20% aukning frá fjórða ársfjórðungi í fyrra. Heildarsala ársins 2025 jókst um 11% og nam 9,2 milljörðum ISK (€63.3m), frá 8,2 milljarði ISK (€56.8m) árið 2024. Lægri laxa-verð árið 2025 höfðu jákvæð áhrif á reksturinn, á meðan hátt verð á hvítfiski skapaði áskoranir og hafði gagnstæð áhrif bæði á sölu og rekstrarafkomu. Hagnaður starfseminnar fyrir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 149 milljónum ISK (€1m) samanborið við 262 milljónir ISK (€1.8m) á fjórða ársfjórðungi 2024. Hagnaður ársins 2025 fyrir skatta var 347 milljónir ISK (€2.4m), samanborið við tæpar 364 milljónir ISK (€2.5m) árið 2024.

Rekstrartekjur sölu- og dreifingarhluta starfseminnar voru 8,6 milljarðar ISK (€59.7m) á fjórða ársfjórðungi, sem er 11% aukning frá sama ársfjórðungi 2024. Heildarsala ársins 2025 nam 32 milljörðum ISK (€221.5m), sem er 22% aukning samanborið við 26,2 milljarða ISK (€181m) árið 2024. Hagnaður starfseminnar fyrir

skatta á fjórða ársfjórðungi nam 185 milljónum ISK (€1.3m) samanborið við 221 milljónir ISK (€1.5m) á fjórða ársfjórðungi 2024. Hagnaður ársins 2025 fyrir skatta var 641 milljónir ISK (€4.4m), samanborið við 558 milljónir ISK (€3.9m) árið 2024. Árið einkenndist af háum verðum og mikilli eftirspurn eftir þorskafurðum, makrílverð voru mjög há á árinu ásamt hækkandi verði á flest öllum hvítfisktegundum. Framboð af loðnu var nánast ekki neitt. Samdráttur í þorskkvóta og tollamál í Bandaríkjunum juku enn á óvissu á þeim markaði. Þrátt fyrir ýmsar áskoranir í ytra umhverfi skilaði íslenska einingin góðri niðurstöðu og er þar að þakka nánú samstarfi við íslenska framleiðendur.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir skatta var yfir afkomuspá og fyrra ári. Upphafleg afkomuspá fyrir árið var að hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta yrði á bilinu 1,1 - 1,4 milljarðar ISK (€7.5m - €9.5m) en niðurstaða ársins er 1,5 milljarður ISK (€10.6m). Áfram er gert ráð fyrir að þorsksverð haldist hátt, á meðan meiri óvissa ríkir um laxaverð. Þó er búist við að það fylgi sínu hefðbundna mynstri þ.e.a.s. hækkun snemma árs, lækkun síðar á árinu og svo aftur hækkun þegar líður að árslokum. Allar starfseiningar Iceland Seafood skiluðu góðum árangri á árinu og jákvæðri rekstrarafkomu.

Ægir Páll Friðbertsson, CEO

„Árið 2025 var öflugt rekstrarár fyrir Iceland Seafood og byggði ofan á þann viðsnúning sem náðist árið á undan. Allar starfseiningar samstæðunnar skiluðu góðri afkomu á árinu, þrátt fyrir ýmsar áskoranir í ytra umhverfi, sem undirstrikar seiglu og samkeppnishæfni starfseminnar. Þessi árangur styrkir þá trú mína að fram undan séu tækifæri sem munu nýtast félaginu vel til framtíðar.

Á árinu 2025 sáum við hækkandi verð á þorski, skyldum tegundum og makríl, samhliða stöðugri eftirspurn á mikilvægum mörkuðum okkar. Verð á laxi var aftur á móti lægra og stöðugra en á fyrra ári og var það jákvætt fyrir laxatengda starfsemi okkar. Verðbólga lækkaði í EU, en hækkaði lítillega í Bretlandi og Bandaríkjunum, á sama tíma og vextir fóru lækkaði í nokkrum helstu viðskiptalöndum. Þessir þættir höfðu að jafnaði jákvæð áhrif á kaupmátt á árinu. Fjórði ársfjórðungur var sérstaklega sterkur og í samræmi við árstíðasveiflur, þar sem sala jókst frá sama tímabili árið áður. Góð sala í jólavertíð á Írlandi og á Spáni, ásamt mjög góðri frammistöðu í frystum og ferskum vörum frá S&D, átti þar stóran þátt.

Aukin eftirspurn eftir hvítfiskafurðum og hækkandi verð á árinu skýrist af minni úthlutun þorskkvóta í Barentshafi fyrir árið 2025 og viðskiptabanni á rússneskan fisk. Það er mat okkar að eftirspurn verði áfram mikil árið 2026 og til lengri tíma. Allar líkur eru á að verð muni haldast áfram hátt komi ekki til aukningar á framboði.

Eitt af stóru skrefum ársins var vel heppnuð endurfjármögnun móðurfélagsins ISI hf., sem styrkir fjárhagsstöðu, dregur verulega úr endurfjármögnunaráhættu og lækkar vaxtakostnað félagsins á komandi árum.

Þá fjárfesti félagið í frystitogararekstri í Argentínu á árinu. Þetta styrkir stöðu okkur innan virðis_keðjunnar, þar sem við erum með veiðar og vinnslu á einni hendi. Fjárfestingin gerir okkur einnig kleift að auka framboð og vöruúrval af hágæða villtri rækju til núverandi og nýrra viðskiptavina.

Vöxtur íslensks laxeldis er einnig jákvæð þróun og við höfum hafið sölu og markaðssetningu íslensks lax í gegnum okkar dreifikerfi, með það að markmiði að efla starfsemina enn frekar. Uppbygging íslensks

laxeldis skapar tækifæri fyrir félagið í því að vinna þétt með íslenskum eldisfyrirtækjum og beita okkar öfluga söluneti til að kynna íslenskan lax á lykilmörkuðum og aðgreina hann á markaðnum.

Á árinu 2025 náðum við með samhentum átaki öflugra starfsmanna, traustra birgja og viðskiptavina að bæta og styrkja rekstur núverandi rekstrareininga. Það er gott veganesti inn í framtíðina og staðfestir að skýrar stefnumarkandi ákvarðanir eru að skila jákvæðum árangri fyrir félagið.“

Rafrænn fjárfestafundur

Í dag klukkan 16:30 GMT mun félagið halda netfund fyrir fjárfesta og markaðsaðila þar sem stjórnendur munu kynna og ræða niðurstöður fjórða ársfjórðungs 2025 og ársins í heild.

Fundurinn er eingöngu á netinu og verður í beinni útsendingu á íslensku á vefsíðum okkar.

www.icelandseafood.com og www.icelandseafood.is

Sjá hlekk að neðan:

<https://vimeo.com/event/5738225/embed/b43890b97c/interaction>

og verður upptaka aðgengileg eftir fundinn á www.icelandseafood.com/investors.

Þátttakendur á fundinum geta sent skriflegar fyrirspurnir fyrir og á meðan á fundinum stendur á póstfangið investors@icelandseafood.com

Fyrirvari

Allar yfirlýsingar varðandi framtíðarsýn í þessari tilkynningu endurspeglar núverandi skoðanir stjórnenda á framtíðarviðburðum og niðurstöðu. Það að þessar skoðanir séu byggðar á afstöðu sem stjórnendur telja eðlilegar, er engin trygging fyrir því að atburðir og skoðanir verði að veruleika. Framtíðarsýn felur eðlilega í sér óvissu og áhættu. Niðurstöður geta verið frábrugðnar fullyrðingum eða skoðunum sem settar eru fram.

Frekari upplýsingar:

Iceland Seafood International hf.

<http://www.icelandseafood.com/Investors>

Ægir Páll Friðbertsson, apf@icelandseafood.com